

Til allra aðildarhafna að Hafnasambandi Íslands

Á hafnasambandsþingi sem haldið var á Ísafirði 13.-14. október 2016 voru kynntar hugmyndir um hvernig megi kynna starfsemi hafna. Ein af þeim hugmyndum var að láta útbúa stutta sjónvarpsþætti um hafnir í samvinnu við Hringbraut og Athygli.

Ákveðið hefur verið að athuga hvort áhugi sé hjá aðildarhöfnum að taka þátt í slíkum verkefni. Hafnasambandið mun þá láta útbúa einn yfirlitsþátt þar sem fjallað er almennt um starfsemi og umfang hafna. Síðan gætu aðildarhafnir verið með einn þátt fyrir sig eða nokkrar hafnir tekið sig saman um einn þátt.

Framleiðslukostnaður Hringbrautar er 400.000 kr. + vsk og svo er vinna Athygli við dagskrárgerð 120-140.000 kr. + vsk. Við þetta gæti bæst ferðakostnaður. Hver þáttur er um 26 mínútur og stefnt er að því að þættirnir verði teknir upp í sumar.

Nú þegar hefur ein höfn lýst yfir áhuga á að taka þátt í verkefninu. Ef þín höfn hefur áhuga á að taka þátt ert þú vinsamlegast beðinn um að tilkynna það með því að senda tölvupóst á netfangið valur@samband.is fyrir 3. apríl nk.

Kær kveðja
Valur Rafn Halldórsson



Valur Rafn Halldórsson
Framkvæmdastjóri Hafnasamband Íslands
Beint innval: 515 4915
Netfang: valur.rafn.halldorsson@samband.is
Hafnasamband Íslands
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.hafnasamband.is
